

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. mars 2012
Tilvísun: UST20120300184/bs

Tillaga að lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi - Athafnasvæði Landsvirkjunar milli Búrfells- og Sultartangavirkjunar. Umsögn

Vísað er til bréfs skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps dags. 19. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.

Hér er um að ræða breytingu sem felur ekki í sér breytta afmörkun svæðisins heldur tekur breytingin til aukinnar og breyttrar orkuvinnslu, þ.e. að á ákveðnu svæði verði heimilt að reisa allt að 55 m háar vindtúrbínur sem geti framleitt allt að 1,9 MW.

Umhverfisstofnun telur að í lýsingu sé fjallað um flesta þá náttúrufarslegu þætti sem helst skipta máli, sem og áhrifum þessara mannvirkja á hljóðvist.

Þar sem hér er ráðgert að reisa fyrstu mannvirki af þessari stærð og að hér er um tilraunaverkefni að ræða, telur Umhverfisstofnun að framkvæmdaaðili ætti jafnframt öðrum öðrum rannsóknum að kanna hvar og hvernig mannvirkjum af þessari stærð verði best fyrir komið ef niðurstöður fyrirhugaðra rannsókna leiða til þess að fleiri mannvirki af því tagi sem hér um ræðir verða reist.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda lýsingu.

Virðingarfyllt

A. Birna Guttormsdóttir

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson